

X. KAFLI
Sektarákvæði o. fl.

202

31. okt.

31. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki 5—1000 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Blönduóshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 15. nóvember 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

203

1. nóv.

um breytingu á lyfsöluskrá.

Frá 1. nóv. þ. á. hækkar verð erlendra sérlyfja (verksmiðjulyfja) þannig, að það verður 30% hærra en greint er í lyfsöluskrá II frá 20. septbr. 1936, sbr. breytingar á þeirri skrá frá 1. nóv. 1937 og 4. ágúst 1938. Jafnframt falla úr gildi ákvæði auglýsingar frá 9. júní 1939.

Öll önnur lyf hækka um 10% frá greindu verði í lyfsöluskrá I frá 15. des. 1936, sbr. breytingar á þeirri skrá frá 1. nóv. 1937 og 4. ágúst 1938.

Umbúðir löggiltra (officinel) lyfja hækka um 10% frá sama tíma.
Verð á afgreiðslu og tilbúning lyfja helzt óbreytt.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 1. nóvember 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

204

4. nóv.

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd á Akureyri.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933 um bryting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd á Akureyri.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Akureyrar er bannað að selja börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það, eða stuðla að því að þau neyti þess, eða hafi það um hönd.

204

4. nív.

Bönnuð er sala á spítubrjóstsykri (sleikjum) og brjóstsykurstöngum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti héraðslæknis og barnaverndarnefndar geta talizt hættulegar börnum og unglingum.

2. gr.

3. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda, nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því at-
huguðu, hvort börnum og unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

4. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almenn-
um knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustöðum. Þeim er og bannaður að-
gangur að almennum kaffistofum eftir kl. 6 síðd., nema með aðstandendum sín-
um. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og
unglingar fái þar ekki aðgang og hafist þar ekki við.

Börnum yngri en 12 ára er bannað að vera á almannafæri eftir kl. 8 að kvöldi
á tímabilinu frá 15. sept. til 1. apríl og eftir kl. 10 síðd. frá 1. apríl til 15. sept., nema
í fylgd með aðstandendum.

Börn 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 10 að kvöldi á tíma-
bilinu frá 15. sept. til 1. apríl, og eftir kl. 11 síðd. á tímabilinu frá 1. apríl til 15. sept.,
nema í fylgd með aðstandendum sínum.

Foreldrum eða húsbændum barnanna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um
að ákvæðum þessum sé framfylgt.

5. gr.

Börn og unglingar innan 14 ára aldurs mega ekki selja blöð eða bækur, nema
að fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögun-
um. Skal farið með mál þeirra vegna eins og fyrir segir um slík mál í barnaverndar-
lögunum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. nóvember 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.